

**Fundargerð**  
**343. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 6. september 2017, kl 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun annaðist:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá:**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Staðan á skrifstofu SLFÍ**
- 4. Fundur með fulltrúum Norðurlandanna vegna norðurlandamóts í hjúkrun**
- 5. Námsstefna í kjarasamningagerð**
- 6. Fánamálið**
- 7. Fundur EPN í Kaupmannahöfn**
- 8. Kjaramál**
  - Óskað hefur verið eftir fundi vegna vinnu við bókun 8 með kjarasamningi
  - Ófrágenginn stofnanasamningur HSS
  - Eir vegna launa í heimahjúkrun
  - MS setrið
  - SPOEX
  - Reykjalundur
  - FAAS
- 9. Verkefni haustsins**
  - Trúnaðarmannaráðsfundur 12. október ( búið að senda út dagskrá)
  - Fundir félagskjörinna nefnda
  - Ráðstefna um öldrunarmál í nóvember
    - Hugmynd skerðingar
      - Tengiliðir, Ögmundur- Eyjólfur Eysteinnsson- Ingibjörg Hjalta og aðrir er koma að málefnum aldraðra
- 10. Vinnufundur félagsstjórnar 19. september**
- 11. Félagstjórnarfundur 11. október**

**Önnur mál**

## Dagskrá:

### 1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Staðan á skrifstofu SLFÍ

KÁG fór yfir þær breytingar sem gerðar voru á starfsmannamálum og framgang þeirra.

### 4. Fundur með fulltrúum Norðurlandanna vegna norðurlandamóts í hjúkrun

KÁG gerði grein fyrir fundi sem fram fór 5. september með fulltrúum frá Finnlandi Noregi og Íslandi þ.s. umræðuefnið var hvort halda ætti norðurlandamót í hjúkrun. Ákveðið var að mótið verði haldið 24. maí 2018 í Noregi og munu Norðmenn standa straum af mest öllum kostnaði. Ákveðið var að skipa sérfræðingahóp og fulltrúar frá Finnlandi og Noregi voru skipaðir, en eftir á að skipa fulltrúa inn í hópinn frá Svíþjóð og frá Íslandi ef við náum að taka þátt. Svíar, Norðmenn og Finnar eru ákveðnir í að vera með, en Danir verða ekki með og við munum fara nánar yfir málin hér heima áður en endanleg ákvörðun verður tekin um þátttöku eða ekki. Fyrir liggur að félagið muni þurfa að greiða fyrir flug keppenda og flug, gistingu og uppihald umsjónaraðila. Málið rætt og allir sammála um að fá einhvern til að taka að sér verkefnið.

### 5. Námsstefna í samningagerð

Farið var yfir að ríkissáttasemjari hefur auglýst námsstefnu sem fram mun fara í maí og september á næsta ári, um gerð kjarasamninga. Námsstefnan er ætluð fulltrúum í samninganefndum félaga. SLFÍ mun hvetja sitt fólk til þátttöku. Skráning er hafin. ([Skráning](#))

### 6. Fánamálið

Jóhanna Traustadóttir JT ritari SLFÍ gerði grein fyrir að hún hafi rætt við þann sem seldi okkur fánann og í samráði við hann ákveðið að kanna hvort hægt væri að hreinsa fánann hér heima, en annars verði hann sendur út til framleiðanda. Fáninn er farinn í hreinsun og framvindan mun liggja fyrir í lok vikunnar.

### 7. Fundur kjörstjórnar

Farið var yfir að ræða þarf við fulltrúa í kjörstjórn vegna væntanlegrar kosningar formanns þannig að aðdragandi kosninga verði samkvæmt lögum og reglum félagsins.

### 8. Fundur EPN í Kaupmannahöfn

KÁG fór yfir að hún og Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ færu á fund EPN í Kaupmannahöfn þann 13. og 14. september n.k.

### 9. Kjaramál

- GÖG og KÁG gerðu grein fyrir að fundur vegna bókuar 8 hafi dregist því fulltrúi Reykjavíkurborgar (Atli Atlason) hafi verið boðaður á næsta fund, en verið upptekinn. Ósk um fund liggur fyrir og mun hann verða fljótlega.
- Enn hefur ekki náðst að klára stofnanasamning við HSS þrátt fyrir ítrekaðar póstsendingar á stjórnendur stofnunarinnar og á starfsmannaskrifstofu

fjármálaráðuneytisins. Það sem stendur þar út af er að raða þeim sjúkraliðum sérstaklega sem starfa við heimahjúkrun. Samningurinn er í vinnslu og síðustu svör frá stofnuninni voru frekar jákvæð.

- Ekki hefur náðst fundur með stjórnendum Eirar þrátt fyrir margítrekaðar óskir félagsins um fund vegna vitlausrar röðunar sjúkraliða sem starfa við heimahjúkrun á þeirra vegum. Dómur félagsdóms liggur fyrir þ.s. fram kemur að sjúkraliðarnir starfi við heimahjúkrun, en það þarf augljóslega miðað við viðbrögð stjórnenda stofnunarinnar að berjast fyrir réttri launasetningu. Áfram verður unnið í málinu.
- Reykjalundur, MS setrið, SPOEX og FAAS hafa enn ekki klárað uppfærslu stofnanasamninganna fyrir árið 2017 og eru fyrir því mismunandi ástæður, en útlit er fyrir að það klárast fljótlega.

## 10. Verkefni haustsins

Farið var yfir helstu verkefni haustsins og stöðu þeirra:

- **12. október:** Trúnaðarmannaráð SLFÍ fundar í félagsaðstöðu SLFÍ frá kl. 10.00 – 16.15. Dagskrá farin út og allt á að vera frágengið.
- Fundir félagskjörinna nefnda fara fram hjá hverri nefnd fyrir sig og búið er að hafa samband við aðila í nefndunum, sem mun boða til fundar við tækifæri.
- Ráðstefna um öldrunarmál í nóvember. Undirbúningur í vinnslu, en áframhaldandi umræða var um hverjir eigi að koma að ráðstefnunni.
  - Tengiliðir: Ögmundur Jónasson, Eyjólfur Eysteinnsson, Ingibjörg Hjaltadóttir og aðrir er málið varðar.

## 11. Vinnufundur félagsstjórnar 19. september í Munaðarnesi

KÁG fór yfir að skipulag fundarins er klárt og dagskrá farin út. Búið er að semja við vertinn í Munaðarnesi um hans þjónustu við fundarfólk.

## 12. Félagstjórnarfundur 11. október

Fram kom að fundurinn verður hér í sal félagsins, en dagskrá er ekki klár.

## Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 17.00